

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Íbúðar- og frístundabyggð í landi Efri-Víkur, óveruleg breyting á deiliskipulagi.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 29. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi íbúðar- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur.

Breytingin var textabreyting á deiliskipulaginu þar sem skilmálum var breytt og leyft að byggja 40 m² gestahús eða geymslu til viðbótar við núverandi heimildir við Kindagötu.

Skipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. júní 2023.

F.h. Skaftárhrepps,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 14. júlí 2023